# Innleiðing á rafrænum þinglýsingum – reynslusaga

Magnús Valur Axelsson, vörustjóri
rafrænna þinglýsinga

Sýslumenn

# Staðan árið 2020

- Í upphafi verkefnisins voru þinglýsingar að öllu leiti unnar á pappír en tölvukerfi nýtt til handvirkrar skráningar.
- Mikil handavinna
- Ósamræmt verklag milli sýslumannsembætta
- Skýr þörf fyrir breytingar

# Verkefnið ræst í núverandi mynd í maí 2020

## 5 ára framtíðarsýn: Allt aðgengilegt rafrænt *(Nú í 71%)* og 80% sjálfvirkt.

5 ára framtíðarsýn sett í maí 2020:

- Öll ferli og skjalategundir þinglýsinga verði rafrænar (100%) og 80% rafrænna þinglýsinga verði sjálfvirkar.
- Markmið að geta lagt niður pappírsferlin
  - Reynsla erlendis t.d. í Noregi var slæm af tvöföldu kerfi, fasteignasalar nýttu pappír á meðan fjármálakerfið vann rafrænt.
- Áhersla átti að vera lögð á kaupferli fasteigna og skjöl tengd bifreiðum fyrst.
- Yfir 80% af umfangi/fjölda þinglýsinga

# Rafrænar þinglýsingar

## Enginn pappír, skjótari ferlar, færri mistök og betri þjónusta

- **Vefþjónustur fyrir hverja skjalategund -** tengjast kerfi í kerfi
- **Fjármálafyrirtæki, fasteignasalar og opinberir aðilar geta sótt um aðgang** að vefþjónustum rafrænna þinglýsinga – Útvíkkað jafnt og þétt
- **Ein færsla fyrir hver réttindi,** ef þinglýsa þarf mörgum réttindum verður að framkvæma margar þinglýsingar
- **Markmið** er að 100% þinglýsinga verði rafrænar / 80% sjálfvirkt
- **Ábyrgð, fjármögnun og stýring verkefnisins** rafrænar þinglýsingar færðist til Stafræns Íslands vorið 2020.

# Kerfishögun rafrænna þinglýsinga

Rafrænar þinglýsingar eru viðskiptalógík sem er samþætt við fjölda rafrænna þjónustna.



# Stjórnskipulag verkefnisins er forsenda árangurs

## Verkefnið er flókið, með mörgum innri og ytri hagaðilum

**Straumar verkefnsins:**

1. Mótun og ytri samskipti (Stafrænt Ísl.*)
2. Greining og hugbúnaðargerð (Stafrænt Ísl.*)
3. Kvaðayfirferð (Sýslumenn) og innri ferlar (DMR)
4. Lög og gjöld (DMR + FJR)
5. Lög um skuldabréf (ANR)

* Stafrænt Ísland hefur borið ábyrgð á og kostað fyrstu tvo straumana og hafa verktakar sinnt þeim straumum.

- Intellecta
- Prógramm/Apró
- Auk þeirra sér Direkta um kennslu, greiningar og prófanir

**Stýrihópur**

Stýrihópur verkefnis fylgist með framgangi og er eigandi þess. Hópurinn er formlega skipaður af dómsmálaráðherra af eftirfarandi meðlimum:

- **Birna Íris Jónsdóttir**, framkvæmdastjóri Stafræns Íslands (formaður stýrihóps)
- **Bryndís Helgadóttir**, skrifstofustjóri, Dómsmálaráðuneytið
- **Steindór Dan Jensen**, sérfræðingur, Menningar- og viðskiptaráðuneytið
- **Kristín Þórðardóttir**, sýslumaður á Suðurlandi og formaður sýslumannaráðs
- **Anna Guðmunda Ingvarsdóttir**, húsnæðis- og mannvirkjastofnun

# Áskoranir sem hefur þurft að yfirstíga

## Tiltrú á verkefninu var lítil í upphafi m.a. vegna fyrri reynslu og flækjustigs

- Fengnir voru inn í verkefnið aðilar á einkamarkaði til að aðstoða
  - Intellecta – Ráðgjöf
  - Prógramm/Apró – Forritun á miðlægum bakenda
  - Direkta - kennsla, greiningar og prófanir
- Sett var upp plan sem unnið var eftir. Vinna hafin.

# Áskoranir sem hefur þurft að yfirstíga

## Gagnagæði voru lítil; göt í gögnum og stöðlun ábótavant

- Áður var treyst á að manneskja færi yfir þinglýst skjöl á eignum, t.d. til að kanna hvort kvöðum væri þinglýst á þær. Til þess þurfti að opna skjöl á pdf. formi og lesa þau
- Mismunandi var milli embætta hvort kvaðir, efnisatriði eða slíkt væru færð sérstaklega inn í þinglýsingabók
- Farið var í átaksverkefni hjá sýslumönnum að fara yfir og bæta skráningu á eignum
- Gögnin eru mun betri í dag. Átaksverkefnið vel á veg komið
- Dæmi: Lóðarleigusamningar
- Ef gögn eru ekki í lagi, kann rafræn færsla að enda í handvirkri stöðu hjá sýslumanni

# Áskoranir sem hefur þurft að yfirstíga

## Gögn ekki alltaf aðgengileg frá stofnunum með vefþjónustuskilum

- Lykilatriði að geta sótt gögn sjálfvirkt til stofnana vegna sjálfvirkni
- Vel hefur gengið að fá gögn frá stofnunum með vefþjónustuskilum
- Ekki enn komin tenging við skipaskrá, því ekki hægt að þinglýsa rafrænum færslum á skip



# Áskoranir sem þarf að yfirstíga

- Lagasetning um skuldaviðurkenningar þarf að klárast. Frumvarp um **rafrænar skuldaviðurkenningar** afnemur nauðsyn pappírs v. veðskuldabréfa

- Notendur verða að að tengjast nýlegum vefþjónustum, t.d. pakkaþjónustu og skilmálabreytingum

▪**Lausn:** Fyrsta skrefið er að kynna nýlegar vefþjónustur fyrir notendum og hvetji til notkunar á þeim.

•Fá notendur til að velja oftar að senda inn rafrænar færslur frekar en að velja pappírsleiðina í þeim tilvikum sem þeir hafa tengingu nú þegar

▪**Lausn:** Sýslumenn haldi kynningarfund, t.d. vegna rafrænna kaupsamninga, þar sem hvatt er til notkunar. Sýslumenn útskýra hvað felst í meldingum sem notendur fá. Kerfi notenda þurfa að vera notendavæn og virka

- Gagnagæði þurfa að verða enn betri til að sjálfvirkni geti orðið meiri

▪**Lausn:** Áframhaldandi vinna starfsmanna sýslumanna við skráningu. Nýir möguleikar í þinglýsingakerfi til að geta haft skráningu nákvæmari

# Það sem hefur gengið vel

- Boðið er upp á vefþjónustur fyrir þær skjaltegundir sem eru mest notaðar
- Gott samstarf aðila sem hafa komið að verkefninu
- Gagnagæði hafa batnað verulega frá árinu 2020
- Þjónustustig hefur batnað á sama tíma og stöðugildum

  við þinglýsingar hefur fækkað

| Ferlum lokið | |
|---|---|
| Fasteignasalar | Afsöl * |
| | Kaupsamningar * |
| Sameiginlegt | Pakkaþjónusta fasteignaviðskipta |
| Fjármálafyrirtæki | Pakkaþjónusta veðleyfa og veðskuldabréfa |
| | Aflýsingar |
| | Kröfuhafaskipti |
| | Skilmálabreytingar (vantar ytri prófanir) * |
| | Skuldskeytingar |
| | Tryggingabréf * |
| | Veðskuldabréf * |
| | Veðleyfi |
| Sýslumenn | Fjárnám |
| | Kyrrsetningargerð |
| | Lögeymsla |
| | Nauðungarsöluyfirlýsing |
| | Niðurfelling nauðungarsölu |

* Ekki öll virkni innleidd í rafrænt ferli sem er til staðar í pappírsferli vegna skorts á aðgengi að gögnum eða gæði gagna ábatavant. Rafrænu ferlin eru því sum með takmarkanir á hver getur hagnýtt þau. Sjá nánar í viðauka 2

# Lærdómur af ferlinu

- Gagnagæði skipta öllu máli fyrir sjálfvirkni
- Ekki hægt að stafræna óskýrt ferli
- Hlutir sem kunna að virka einfaldir í fyrstu verða flóknir þegar farið er að kryfja þá
- Gott samstarf skiptir öllu máli

| Ferlum lokið | |
|---|---|
| Fasteignasalar | Afsöl * |
| | Kaupsamningar* |
| Sameiginlegt | Pakkaþjónusta fasteignaviðskipta |
| Fjármálafyrirtæki | Pakkaþjónusta veðleyfa og veðskuldabréfa |
| | Aflýsingar |
| | Kröfuhafaskipti |
| | Skilmálabreytingar (vantar ytri prófanir) * |
| | Skuldskeytingar |
| | Tryggingabréf * |
| | Veðskuldabréf * |
| | Veðleyfi |
| Sýslumenn | Fjárnám |
| | Kyrrsetningargerð |
| | Lögeymsla |
| | Nauðungarsöluyfirlýsing |
| | Niðurfelling nauðungarsölu |

* Ekki öll virkni innleidd í rafrænt ferli sem er til staðar í pappírsferli vegna skorts á aðgengi að gögnum eða gæði gagna ábatavant. Rafrænu ferlin eru því sum með takmarkanir á hver getur hagnýtt þau. Sjá nánar í viðauka 2

# Takk fyrir mig!

Magnús Valur Axelslson, vörustjóri rafrænna þinglýsinga